

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 — 1987

14. apríl 1987

481

Nr. 245

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1987.

1. gr.

Lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum, læknum og sveitarfélögum með lyfjasölu og öðrum lyfjaeftirlitsþegum ber að greiða eftirlitsgjald fyrir árið 1987, vegna lyfjaeftirlits skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 108, 14. nóvember 1984, samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur: kr. 84.000.

Keflavíkur Apótek
Laugavegs Apótek
Lyfjabúðin Iðunn
Reykjavíkur Apótek
Stjörnu Apótek
Apótek Austurbæjar

II. flokkur: kr. 74.000.

Borgar Apótek
Háaleitis Apótek
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Ingólfs Apótek
Kópavogs Apótek
Vesturbæjar Apótek

III. flokkur: kr. 64.000.

Akureyrar Apótek
Garðs Apótek
Laugarnesapótek
Lyfjabúð Breiðholts
Selfoss Apótek

IV. flokkur: kr. 50.000.

Akraness Apótek
Apótek Vestmannaeyja
Árbæjar Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek

V. flokkur: kr. 35.000.

Apótek Austurlands
Apótek Blönduóss
Apótek Garðabæjar
Borgarness Apótek
Dalvíkur Apótek
Egilsstaða Apótek
Grindavíkur Apótek
Hafnar Apótek
Lyfjaberg

Mosfells Apótek
Nes Apótek, Neskaupstað
Nesapótek, Seltjarnarnesi
Norðurbæjar Apótek, Hafnarfirði
Apótek Ólafsvíkur
Patreks Apótek
Rangár Apótek
Sauðárkróks Apótek
Siglufjarðar Apótek
Stykkishólms Apótek
Ölfus Apótek

3. gr.

Lyfjagerðum og -heildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

VI. flokkur:
kr. 120.000.

Delta hf.
G. Ólafsson hf.
Lyfjaverslun ríkisins
Pharmaco hf.
Stefán Thorarensen hf.
Tóro hf.

VII. flokkur:
kr. 94.000.

Lyf sf.
Medico hf.

VIII. flokkur:
kr. 73.000.

Ásgeir Sigurðsson hf.
Farmasía hf.
Gróco hf.
H. Ólafsson & Bernhöft

4. gr.

Læknar og sveitarfélög, sem annast lyfjasölu, samkv. 4. gr. reglugerðar nr. 27, 13. janúar 1983, um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa, skulu greiða eftirlitsgjald kr. 22.000.

5. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem hafa lyf undir höndum. Skulu þá deildarskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkv. II. greiðsluflokki lyfjabúða kr. 74.000. en önnur sjúkrahús og stofnanir kr. 22.000.

6. gr.

Eftirlitsgjald skal greiða fyrir 15. júlí 1987. Gjaldið er lögtakskráft. Við greiðslu eftir gjalddaga verða álagðir hæstu löglegir dráttarvextir.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 108, 14. nóvember 1984, tekur gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. apríl 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.